# GJALDSKRÁ

**fyrir meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjabæ.**

1. gr.

Gjaldskrá þessi er sett í samræmi við ákvæði 23. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum nr. 761/2005.

2. gr.

Bæjarstjórn Vestmannaeyjabæjar hefur ákveðið að innheimt verði fast gjald fyrir rekstur grenndar- og móttökustöðvar og annan fastan kostnað 18.700 kr. (var áður inni í sorphirðugjöldum) og árgjald fyrir hvert ílát á heimili samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá:

| **Sorpgjöld á heimili – breytilegt gjald** | **Árgjald kr.** |
|---|---|
| 240 l blandaður og lífrænn úrgangur, tvískipt | 22.500 |
| 120 l blandaður úrgangur | 20.500 |
| 240 l blandaður úrgangur | 29.500 |
| 330 l blandaður úrgangur | 40.600 |
| 660 l blandaður úrgangur | 81.200 |
| 120 l lífrænn úrgangur | 11.200 |
| 240 l lífrænn úrgangur | 22.350 |
| 330 l lífrænn úrgangur | 30.800 |
| 660 l lífrænn úrgangur | 61.500 |
| 120 l pappi eða plast | 10.400 |
| 240 l pappi eða plast | 14.900 |
| 330 l pappi eða plast | 20.500 |
| 660 l pappi eða plast | 41.000 |
| **Önnur gjöld vegna meðhöndlunar úrgangs** | |
| Skrefagjald, meira en 15 metrar frá sorphirðubíl (frá 1. september 2024) | 50% álag pr. tunnu |
| Breytingakostnaður við ílát (frá 1. september 2024) | 4.000 |
| Endurnýjunargjald tunnu 240 l með flutningi á staðfang | 15.000 |
| Aukahirðing vegna óviðunandi flokkunar eða frágangs | 6.500 |

3. gr.

Móttöku- og urðunargjald rekstraraðila á móttökustöð:

Gjaldskrá fyrir einstaklinga:

| **Heiti** | **Kr. pr./0,25 m³** | **Skýring** |
|---|---|---|
| Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur | 2.788 | Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi |
| Blandaður rekstrarúrgangur | 1.859 | Almennt sorp, spillt endurvinnsluefni |
| Lífrænn úrgangur | 507 | Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn vegna beina) |
| Ólitað timbur | 0 | Bretti, ómálað timbur |
| Litað timbur | 845 | Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl. |
| Óvirkur úrgangur (urðun) | 507 | Gler, jarðvegur, steypubrot o.fl. |
| Endurvinnsluefni | 0 | Pappi, pappír, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki, gler |
| Garðúrgangur | 0 | Gras, trjágreinar, lauf |
| Annað | | Samkvæmt tilboði |
| Spilliefni | | Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (efnamóttakan) |
| Sóttmengaður úrgangur | | Samkvæmt tilboði |

Allar fjárhæðir eru með virðisaukaskatti.

Gjaldskrá fyrir fyrirtæki:

| Heiti | Kr. pr./0,25 m³ | Skýring |
|---|---|---|
| Óflokkaður blandaður rekstrarúrgangur | 8.994 | Óflokkaður úrgangur, t.d. lífrænn úrgangur blandaður rekstrarúrgangi |
| Blandaður rekstrarúrgangur | 5.997 | Almennt sorp, spillt endurvinnsluefni |
| Lífrænn úrgangur | 1.635 | Ómengaður lífrænn úrgangur (ekkert plast eða utanaðkomandi, sláturúrgangur er undanskilinn vegna beina) |
| Ólitað timbur | 1.635 | Bretti, ómálað timbur |
| Litað timbur | 2.725 | Gagnvarið, málað, spónlagt o.fl. |
| Óvirkur úrgangur (urðun) | 1.635 | Gler, jarðvegur, steypubrot o.fl. |
| Endurvinnsluefni | 0 | Pappi, pappír, plast, hjólbarðar, málmar, landbúnaðarplast, raftæki, gler |
| Garðúrgangur | 0 | Gras, trjágreinar, lauf |
| Annað | | Samkvæmt tilboði |
| Spilliefni | | Samkvæmt gjaldskrá móttökustöðva (efnamóttakan) |
| Sóttmengaður úrgangur | | Samkvæmt tilboði |

Allar fjárhæðir eru án virðisaukaskatts.

Heimilt er að innheimta kostnað vegna umfram meðhöndlunar á úrgangi frá úrgangshafa, gjöld vegna þessa skulu ekki vera hærri en sem nemur raunkostnaði vegna umfram meðhöndlunar.

Undanþegnar magngjaldtöku eru bifreiðar sem bera úrvinnslugjald. Ekki er tekið á móti veiðarfærum til eyðingar eða dýrahræjum til urðunar.

4. gr.

Hægt er að nálgast flokkunarreglur á vef bæjarins www.vestmannaeyjar.is/sorp eða í síma 488 2530.

Gjaldskrá þessi, sem er samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja 22. febrúar 2024, öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 1722/2023 um meðhöndlun úrgangs í Vestmannaeyjum.

*Vestmannaeyjum, 22. febrúar 2024.*

**Brynjar Ólafsson** framkvæmdastjóri.

---